

Alþingi
Erindi nr. P 143/99
komudagur 30.10.2013



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2013

Efni: Umsögn FA um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, 3. mál.

I. ALMENNT

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dagsett 10. október þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014, 3. mál.

Almennt gagnrýnir FA þá nálgun sem valin er í frumvarpinu og hefur verið beitt nokkur undanfarin ár varðandi verðlagsuppfærslu krónutölugjalda.

Það er í fyrsta lagi eðlilegt að gera þá kröfu til stjórnvalda og þingmanna að ef verðlagsuppfærslur eru notaðar til raunvirðingar á tekjuhlið þá séu þær einnig notaðar í sambærilegum tilvikum á gjaldahlið fjárlaga. Ella falla stjórnvöld og þingmenn í „samkvæmnisgildruna“ svokölluðu.

Í öðru lagi verður að benda á að hækkunir á óbeinum sköttum hafa óhjákvæmileg verðlagsáhrif eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Það veldur augljóslega hækkun á verðtryggðum skuldum heimila og fyrirtækja sem kemur ofan í viðkvæmt ástand á vinnumarkaði þegar samningar eru um það bil að losna.

Í þriðja lagi verður að gera almenna athugasemd við tekjuforsendur nokkurra liða, en talsverðar hækkunir á óbeinum sköttum eru enn á ný í farvatninu. Í einstökum tilvikum er augljóst að há skattlagning og hátt verð breytir neyslumynstri þannig að neysla færir í staðkvæmdarvörur (sem sumar eru á svörtum markaði). Líklegt er að þetta leiði til þess að tekjur af óbeinum sköttum verði minni en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

II. ATHUGASEMDIR UM EINSTAKA LIÐI

Athugasemdir Félags atvinnurekenda varðandi einstaka liði frumvarpsins eru þessar:

a) *Verðlagsuppfærsla einstakra gjalda*

Félag atvinnurekenda gagnrýnir enn og aftur þá hefð sem virðist vera að skapast um að verðtryggja krónutölugjöld með almennum verðlagsforsendum. Óeðlilegt er að miða blint við almennan mælikvarða, eðlilegra er að miða við stöðuna á þeim markaði sem við á í hverju tilviki. Hækkanir á gjöldum hækka oft verðlag á vörum sem kemur beint fram í minni eftirspurn. Þetta sést skýrt varðandi eldsneyti og áfengi á undanförnum misserum svo dæmi séu tekin. Það er því vandséð að hækkun gjalda skili í raun jákvæðum tekjuáhrifum og enn eina ferðina er það mat FA að tekjur skv frumvarpinu séu ofmetnar af ofangreindum ástæðum.

Enginn grundvöllur er fyrir þeim hækkunum áfengisgjalda sem lagðar eru til í frumvarpinu. Opinberar sölutölur á áfengi frá ÁTVR sýna áfram veikburða þróun, eins og verið hefur síðustu misseri. Á meðan aukast fréttist af smygli á áfengi og heimabugg virðist breiðast hratt út eins og kannanir á vegum FA hafa sýnt glögglega. Samdráttur í opinberri sölu á sterku víni á fimm árum er ríflega 40%. Enginn getur haldið því fram að raunveruleg neysla hafi dregist svona mikið saman. Neysla sterkra vína hefur að líkindum minnkað eitthvað, en sennilegast hefur mikil tilfærsla orðið yfir í smyglað sterkt vín, heimabugg og aðra flokka áfengis. Þar eru tapaðar skatttekjur. Tollurinn áætlar að 26 þúsund lítrum af sterku víni sé smyglað á ári (11% af sölu ÁTVR). Heimabugg er eflaust hærri tala. Það eru engin rök fyrir því að hækka áfengisgjöld á meðan þetta er staðan. Ljóst er að ríkið verður árlega af hundruðum milljóna í skatttekjur vegna ólöglegs áfengis og kannabisefna. Það er tímabært að endurskoða skattlagningu allrar neyslu á áfengi í landinu, ekki bara opinberrar neyslu.

Sömu sögu má segja um hækkun tóbaksgjalda. Veruleg hækkun tóbaksgjalda á fyrra ári hefur valdið miklum samdrætti í opinberri sölu tóbaks þannig að tekjuforsendur fjárlaga 2013 standast ekki. Hitt er svo alvarlegra að neysla er líklega ekki að dragast saman í sama mæli. Miklar hækkanir á vörum eins og tóbaki hafa leitt til þess í öðrum löndum að vaxandi svartamarkaðsstarfsemi skýtur upp kollinum sem ein af afleiðingunum. Ekki er hægt að fullyrða að svo verði á Íslandi, en eðlilegt er að horft sé til reynslu annarra þjóða í þessum efnum sem og langvarandi reynslu á smygli á tóbaki hingað til lands. Yfirleitt er svartur markaður með tóbak undirstaða fyrir tekjuöflun í skipulagðri glæpastarfsemi.

b) *Greiðslur atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks*

Samkvæmt frumvarpinu er fyrirhugað að fella úr gildi lög nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Sú aðgerð er þáttur í sérstökum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum en hvergi kemur fram í frumvarpinu hvernig umrædd breyting á að bæta afkomu ríkissjóðs.

Það er alveg skýrt að umrædd breyting hefur í för með sér mikla réttindaskerðingu fyrir launþega í fiskvinnslustöðvum og endurskapar það óvissuástand sem ríkti áður en lögín voru sett. Að sama skapi má ætla að sparnaður ríkisins við þessa aðgerð, sem nú er algjörlega óljós, sé ofmetinn enda munu greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði í formi atvinnuleysisbóta aukast þar sem fiskvinnslufyrirtæki neyðast til að segja upp fólki á grundvelli hráefnisskorts.

Ef lögín sem um ræðir verða felld úr gildi verður horfið til fortíðar. Ástandið sem ríkti fyrir lagasetninguna árið 1995 mun ríkja á ný og fiskvinnslufyrirtæki í auknum mæli lausráða fólk þar sem framboð á fiskmörkuðum er takmarkað. Þegar hráefnisskortur verður, mun starfsfólki verða sagt upp störfum og það í kjölfarið þiggja greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði, með tilheyrandi kostnað fyrir íslenska ríkið. Samkvæmt framansögðu yrði að mestu leyti einungis um tilfærslur á greiðslum að ræða. Ekki verður séð að sparnaðurinn liggja í öðru en að ríkið losni undan greiðsluskyldu lífeyrissjóðsiðgjalda og tryggingagjalda atvinnurekenda. Sá sparnaður er óverulegur, sérstaklega í samanburði við þá hagsmuni sem í húfi eru. Kjör verkafólks í fiskvinnslufyrirtækjum munu skerðast umtalsvert þar sem bæði réttaröryggi þeirra, sem lausráðnir starfsmenn, minnkar og tekjur þeirra skerðast.

III. ÖNNUR ATRIÐI

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda